



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Skólanefnd.

4. fundur.

Fundur í skólanefnd 26. mars 2007 kl. 17:30 í Reykjahlíðarskóla. Mættir eru Hrafnhildur Geirsdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Eyþór Pétursson, Arnfríður Anna Jónsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Auður Jónsdóttir og Sólveig Jónsdóttir.

1. Formaður setti fund og bauð fundarnenn velkomna.

2. Skipulag skólastarfs næsta vetrar.

Skólastjóri kynnti skóladagatal næsta skólaárs, sjá fsk 1. Skóladagatalið inniheldur 180 kennsludaga auk starfsdaga kennara. Skóli verður settur 27. ágúst og slitið 29. maí . Skólanefnd mælir með að mf. skóladagatalið verði samþykkt.

Skólastjóri kynnti greinagerð varðandi skipulag skólaakstur og kennslustundamagns fyrir næsta skólaár í fsk. 2. Vikulegur kennslustundafjöld verður sá sami og á yfirstandandi skólaári og akstur óbreyttur. Tillögur skólastjóra um vikulegt kennslumagn skólans er 232 kennslustundir á viku. Skólanefnd óskar eftir að sveitastjórn samþykkir fsk. 2. og að skólasjóra verði falið að auglýsa lausar stöður fyrir næsta skólaár.

3. Skólalóð.

Skólanefnd sendir fyrirspurn til sveitastjórnar varðandi hvenær áætlað sé að ljúka frágangi skólalóðar og aðkeyrslu að skóla og íþróttamannvirki. Einnig viljum við vita hvar vinna við uppsetningu sparkvallar er stödd.

Skólanefnd telur mjög brýnt að hraðað verið frágandi skólalóðar og aðkeyrslu að skóla og íþróttamannvirki.

Aðstaða þessa dagana er afar slæm á malarvellinum austan íþróttahúss og á heimreið að sundlaug og er mjög brýnt að fá malarhlöss til að fylla í mestu gryfjurnar. Einnig er pollur norð-austan við skólann sem er stórhættulegur.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 19:00

Hrafnhildur Geirsdóttir,
Þórhalla Valgeirsdóttir,
Eyþór Pétursson,
Arnfríður Anna Jónsdóttir,
Steinunn Ósk Stefánsdóttir